

Heimspeki með börnum

Kennsluleiðbeiningar með bókinni:

STJÖRNUSIGLINGIN

Ævintýri Friðmundar vitavarðar

Höfundur: Áslaug Jónsdóttir
Mál og menning, Reykjavík 1991

Lundarsel 2000-2001

Stjörnusiglingin, ævintýri Friðmundar vitavarðar.

Gefin út 1997 af Máli og menningu, Reykjavík.

Þetta eru kennsluleiðbeiningar sem unnar voru í heimspekisamræðum við leikskólabörn í leikskólanum Lundarseli á Akureyri, út frá bókinni Stjörnusiglingin. Hugmyndir fylgja af ýmsum verkefnum sem hægt er að vinna út frá efni bókarinnar.

Eyja

- Hvað er eyja?
- Hver býr til eyju?
- Hvernig verður eyja til?
- Úr hverju er eyja?
- Hvernig lítur eyja út?
- Hvar eru eyjur?
- Eru allar eyjur eins?
- Er Ísland eyja?
- Eru eyjur alltaf til?
- Til hvers er eyja?
- Getum við notað eyju eitthvað?
- Er hægt að búa á eyju?
- Hvað getur maður gert á eyju?
- Hvað er ekki hægt að gera á eyju?

Verkefni:

Börnin búa til eyju t.d. úr pappmassa eða sem klippimynd. Síðan er hægt að bæta smá saman inná verkefnið eftir því sem haldið er lengra áfram í sögunni. Þau geta sett vita á eyjuna, búið til Friðmund, Sám, bátinn þeirra og umhverfi eyjunnar.

Viti

- Hvað er viti?
- Til hvers er viti?
- Getur einhver búið í vita? Hver?
- Hvar eru vitar?
- Hvernig lítur viti út?
- Hvað gerir vitinn?
- Hvað er gert í vita?
- Þarf að vera til viti?
- Er gott/vont að hafa vita?
- Hvað gerir vitavörður?
- Geta allir orðið vitaverðir?
- Þurfa vitaverðir að vera til?

Brim

- Hvað er brim?
- Hvernig er brim?
- Hvar er brimið?
- Úr hverju er það?
- Hvað gerir það?
- Hvaðan kemur brim?
- Heyrist eitthvað í brimi?
- Er brim vont/gott?
- Get ég búið til brim?

Sjóndeildarhringur

- Hvað er sjóndeildarhringur?
- Hvar er sjóndeildarhringur?
- Hvernig er sjóndeildarhringur?
- Hvernig verður hann til?
- Úr hverju er hann?

Bls. 2

Þrjóskegugur/þrjóska

- Hvernig er einhver þrjóskegugur?
- Hvað er þrjóska?
- Hvernig verður maður þrjóskegugur?
- Hvenær verður einhver þrjóskegugur?
- Geta allir verið þrjóskegugur?
- Getum við séð hvenær einhver er þrjóskegugur?
- Hvernig er sá sem er þrjóskegugur?
- Getur klettur verið þrjóskegugur? (Sbr. sagan)
- Getur maður hætt að vera þrjóskegugur?

Haf

- Hvað er haf?
- Hver býr til hafið?
- Hvernig verður haf til?
- Hver á hafið?
- Hvað gerir hafið?
- Hvar er haf?
- Til hvers er haf?
- Getur einhver ráðið yfir hafinu?
- Hvað er í hafinu?
- Er hafið gott?
- Getur hafið verið vont?

Verkefni:

Börnin byrja á að skoða bækur um hafið og velta fyrir sér hvað er í því. (Sjávardýr, rusl og gróður). Þau geta velt fyrir sér hvort það sé það sama í hafinu við Ísland og í höfum við önnur lönd.

Börnin ræða mismunandi litbrigði hafsins og af hverju það er svoleiðis.

Börnin fara í vettvangsferð niður að sjónum og tína það sem sjórinn hefur fært á land.

Þau setja sjó í krukku, fara með heim og bera saman við vatn úr krananum. Hvernig er hann á bragðið, hvernig er lyktin og liturinn í samanburði við kranavatnið?

Börnin gera tilraunir með hluti, mismunandi þunga og geri samanburð á floteiginleikum hlutanna. Einnig velta þau því fyrir sér hvort munur er á hvernig hlutirnir fljóta eftir því hvort um er að ræða sjó eða kranavatn.

Börnin fara í heimsókn í fiskbúð og fá að sjá ýmsar tegundir sjávardýra. Börnin kaupa fisk, fara með í leikskólann og skoða hann. Þau geta málað hann og stimplað á blað.

Himinn

- Hvað er himinn?

- Hvernig er himinn?
- Hvar er himinn?
- Til hvers er himininn?
- Úr hverju er himinn?
- Get ég snert himininn?
- Er himinn líka í útlöndum?
- Er himininn alltaf eins?
- Er hægt að búa til himinn?
- Hver ræður yfir himninum?
- Get ég farið upp í himininn? Hvernig?
- Er himininn góður?
- Þarf að vera til himinn?
- Hvernig væri það ef enginn himinn væri til?

Verkefni:

Hvað er á himninum?	Já	Nei	Hvers vegna?
Býr fólk á himninum?			
Eru hús á himninum?			
Er haf á himninum?			
Eru bílar á himninum?			
Eru dýr á himninum?			
Eru fjöll á himninum?			
Er gras á himninum?			
Eru tröll á himninum?			
Er eldur á himninum?			

Verkefni:

Börnin skoða bækur um himininn. Þau bera saman nöfnin himinn og geimur. Þau fara út með kík og skoða himininn.

Börnin mála mynd af himni.

Einnig er skemmtilegt að finna stað þar sem hægt er að búa til himinn, hengja í loftið og bæta svo í jafn óðum þegar sagan er lesin Mána, stjörnur, ský, halastjörnu og fl.

Sbr. Himininn og fjarlægjar stjörnur. 1994. (Fjölræðibækur barna og unglinga)

Skjaldborg h.

Djúpið

- Hvað er djúp?
- Hvar er djúp?

- Hvernig er djúp á litinn?

Nætur

- Hvað er nótt?
- Hvenær er nótt?
- Hvernig er nótt?
- Hvað geri ég á nóttunni?
- Hvað er úti á nóttunni?
- Er sól á nóttunni?
- Er nóttin alltaf eins?
- Er alltaf dimmt á nóttunni? Líka á sumrin?
- Eru einhverjir vakandi á nóttunni?
- Hvernig væri ef engin nótt væri til?

Bls. 4

Bátur

- Hvað er bátur?
- Hvernig er bátur?
- Hvar eru bátar?
- Eru allir bátar eins?
- Er bátur og skip það sama?
- Til hvers er bátur?
- Get ég búið til bát?
- Hvar er hægt að nota báta?
- Er hægt að sigla á báti upp í himininn? Sbr. söguna.
- Þurfa bátar að vera til?
- Mega allir fara út á sjó í bát?
- Er hættulegt að vera á sjó?
- Til hvers fer maður á sjó?
- Geta hundar farið á sjó?

Verkefni:

Börnin fara niður að höfn og skoða mismunandi gerðir af bátum. Hver er munurinn á skipi og bát? Umræður við höfnina um mismunandi stærð, gerð og hlutverk þeirra.

Teikna báta og skip.

Búa til báta og/eða skip úr mismunandi efnivið. s.s. pappír, pappamassa eða tré

Snuðra

- Hvað er að snuðra?
- Getur fólk snuðrað?
- Hvernig snuðrar maður?
- Er það að snuðra sama og að vera forvitinn?
- Hvað er Sámur að meina þegar hann segir: „Allt eins og það á að vera,“
- Geta hundar talað?
- Hvernig skilur Friðmundur Sám?
- Getur fólk skilið hunda? Hvernig?

- Skilja hundar fólk? Hvernig?
- Getur fólk skilið öll dýr?

Hryllti

- Hvað er að hrylla við einhverju?
- Hvað hryllir mann?
- Hvernig hryllir mann?
- Hvernig er andlitið á þeim sem hryllir?
- Er það að hrylla sama og að finnast eitthvað ógeðslegt?

Bls. 7

Öldur

- Hvað er alda?
- Hvar er alda?
- Hvernig verður alda til?
- Til hvers er alda?
- Getum við notað öldu?
- Er alda það sama og bára?
- Er hægt að búa til öldu?
- Er alda hættuleg?
- Eru allar öldur eins?
- Hvernig er alda á litinn?
- Getum við málað öldu?

Verkefni:

Búa til öldur í sullukeri, vaski og pollum, bæði með hendi, skóflu, steini eða trjábút

Líða vel/öruggur

- Hvað er að líða vel?
- Hvernig líður manni vel?
- Af hverju líður manni vel?
- Hvenær líður manni vel?
- Ef manni líður ekki vel, hvernig líður manni þá?
- Getur öllum liðið vel? Hvernig?
- Getur dýrum liðið vel?
- Getur trjám liðið vel?
- Er hægt að sjá hverjum líður vel?

Vinir

- Hvað er vinur?
- Hvernig eignast maður vini?
- Þekkið þið einhvern sem á engan vin?
- Hvernig líður þeim sem á engan vin?
- Til hvers þarf maður vini?
- Hverjir eru vinir manns?
- Er hægt að leita sér að vini?

- Er hægt að búa til vin? Úr hverju?
- Getur maður keypt sér vin? Hvernig?
- Verða vinir að vera jafngamlir?
- Geta lítil börn verið vinir ömmu og afa?
- Getur maður verið vinur sjálfs sín?
- Eru vinir alltaf sammála?
- Geta vinir platað?
- Lemja vinir hvern annan?
- Hvað gera vinir saman?
- Hvað gera þeir sem eru ekki vinir?
- Eiga vinir að hjálpa hver öðrum? Af hverju?
- Er hægt að eiga ósýnilegan vin?
- Er hægt að eiga marga vini?

Verkefni:

Er hægt að vera vinur...	Já	Nei	Hvers vegna?
kisu			
köngulóar			
tunglsins			
fullorðins			
skessunnar			
stráks			
stelpu			
fólks sem býr í öðru landi			

Verkefni:

Börnin búa til vinabönd og gefa hvert öðru.

Börnin skrifa/teikna mynd og senda vini/um sínum.

Barn dregur miða með nafni annars barns og er vinur hans í ákveðinn tíma.

(Þetta gæti átt við um ákveðna stund sem sett er upp í þessum tilgangi).

Hugmyndin er sú að láta reyna á vinahugtakið og láta reyna á samleik og samskipti barna sem hafa ekki endilega verið sérstakir vinir. Ræða við þau um vináttuna og minna þau á hvað er vinur?

Dottuðu

- Hvað er að dotta?
- Hverjir dotta?
- Er eins að dotta og sofa?
- Má dotta í leikskólanum?
- Má dotta í vinnunni/heima?
- Heyrist þegar einhver dottar?
- Hvernig lítur sá út sem dottar?
- Geta dýr dottað?
- Geta allir dottað?
- Máttu Friðmundur og Sámur dotta?

Bls. 9

Máni

- Hvað er máni?
- Hvar er máninn?
- Hvernig lítur máninn út?
- Er litur á mánanum?
- Hvað gerist þegar máninn hverfur bak við ský?
- Eru augu á mánanum? (Sbr. bls. 12)
- Er máni tungl? (Sbr. bls. 15)
- Eru til margir mánar? (Sbr. bls. 15)
- Getur máni talað?
- Er alltaf hægt að sjá mána?

Verkefni:

Skoða mána/tungl í bókum.

Búa til mána t.d. úr pappamassa, pappír eða leir og því er hægt að bæta við í verkefnið um himininn.

Alvarlegt

- Hvað er alvarlegt?
- Hvað getur verið alvarlegt?
- Getur fólk verið alvarlegt? Hvenær?
- Getur allt verið alvarlegt?
- Hvernig veit ég að eitthvað er alvarlegt?
- Hvað geri ég ef eitthvað alvarlegt hefur gerst?
- Hvernig lítur sá út sem er alvarlegur?
- Ef maður er ekki alvarlegur hvernig er maður þá?
- Grætur maður ef eitthvað alvarlegt gerist?
- Er það að vera alvarlegur sama og að vera sorgmæddur?

Verkefni:

Hlusta á mismunandi tónlist og fá börnin til að bera saman og meta hver er líkleglegust til að geta verið alvarleg.

Stjarna/Stjörnuhrap

- Hvað er stjarna?
- Til hvers er stjarna?
- Hvernig lítur stjarna út?
- Eru allar stjörnur eins?
- Hver ræður yfir stjörnunum?
- Er hægt að búa til stjörnu?
- Hafa stjörnur nöfn? (Sbr. bls. 15)
- Er þoka á stjörnunum? (Sbr. bls. 20)
- Hvernig er stjarna á litinn?
- Getur stjarna breytt um lit? (Sbr bls. 27)
- Er hægt að eiga stjörnu?
- Geta störnur verið inni hjá okkur?

Verkefni:

Börnin skoði bækur um stjörnur og ræði sín á milli hversu ólíkar þær eru. Þau skoði einnig mismunandi tegundir stjarna s.s. fastastjörnur og halastjörnur. Finna bók með stjörnumerkjum himinsins og skoða fyrir hvað þau standa og í hvaða röð þau eru. T.d. bogamaður er að hálfu hestur og hálfu maður. Hann þeysir um himinhvolfið með blikandi boga sinn og örvar. Skoða myndir og hvernig stjörnurnar liggja.

Börnin búa til sitt stjörnumerki, teikna stjörnu á blað, draga svo línur á milli og finna því nafn. Síðan skoða þau hjá hvort öðru.

Búa til stjörnur t.d. úr pappamassa, kartoni, leir o.fl. Þá væri hægt að bæta í verkefnið um himininn. Sbr. Himininn og fjarlægjar stjörnur. 1994. Bls. 17-24 (Fjölfraðibækur barna og unglinga) Skjaldborg h.f

Tvíburar

- Hvað er tvíburi?
- Hvernig eru tvíburar?
- Eru tvíburar öðruvísi en aðrir?
- Getur tvíburi verið einn? (sbr. sagan)
- Af hverju eru sumir tvíburar?
- Geta allir verið tvíburar?
- Geta stjörnur verið tvíburar? (sbr. sagan)
- Getur allt verið tvíburar?
- Eru tvíburar út í geimnum?
- Getur tvíburi rokið eitthvað út í geiminn? (sbr. sagan)

Geimurinn

- Hvað er geimur?
- Hvar er geimurinn?
- Úr hverju er geimurinn?
- Til hvers er geimur?
- Eru til margir geimar?
- Hvað er í geimnum?
- Býr einhver í geimnum?
- Eru hús í geimnum?
- Er Ísland í geimnum?

- Getur fólk farið út í geiminn? Hvernig?
- Geta dýr farið út í geiminn? Hvernig?
- Geta Sámur og Friðmundur vitað hvað gerist í geimnum? Hvernig?
- Geta allir séð hvað er að gerast út í geimnum?

Ráðalaus

- Hvað er að vera ráðalaus?
- Hvernig er maður ráðalaus?
- Hvað gerist ef einhver er ráðalaus?
- Hvers vegna verður einhver ráðalaus?
- Hvenær verður einhver ráðalaus?
- Getum við séð þegar einhver er ráðalaus? Hvernig?
- Hvað getur sá gert sem er ráðalaus?

Bls. 10

Óregla

- Hvað er óregla?
- Hvernig er óregla?
- Getur verið óregla á fötunum okkar?
- Getur verið óregla á reglum?
- Getur óregla verið háskaleg? (sbr. sagan)
- Er óregla og lögregla það sama?
- Getur verið óregla í geimnum? Hvernig?
- (sbr. sagan)
- Ef einhversstaðar er óregla er þá hægt að breyta því?

Verkefni:

Nota kubba t.d. legokubba eða einingakubba. Flokkað þá eftir lit, lögun, stærð og ræða um hvenær komin er regla á kubbana. Að því loknu eru börnin beðin að koma óreglu á þá.

Himinhvolf

- Hvað er himinhvolf?
- Hvar er himinhvolfið?
- Úr hverju er himinhvolfið?
- Til hvers er himinhvolfið?
- Getum við notað himinhvolfið?
- Er litur á himinhvolfinu?
- Er himinhvolf það sama og geimur?

Bls. 12

Birta

- Hvað er birta?
- Til hvers er birta?
- Hver býr til birtuna?

- Úr hverju er birtan?
- Hvaðan kemur birtan?
- Þurfum við að hafa birtu?
- Getur einhver búið til birtu?
- Er hægt að slökkva birtuna? Hvernig? Athuga
- Hver ræður yfir birtunni?
- Er til margskonar birta?
- Þegar það er ekki birta hvað er þá? Hvað verður um hana?
- Er einhver staður þar sem aldrei er birta?
- Er birta í geimnum?
- Er litur á birtunni?
- Getur birta verið silfurlit? (sbr. saga)

Hafsauga

- Hvað/hvernig er hafsauga?
- Til hvers er hafsauga?
- Hvar er hafsauga?
- Er hægt að fara út í hafsauga? Hvernig?
- (sbr. sagan)
- Eru augu á hafinu?
- Kemst fólk út í hafsauga? Hvernig?

Sjónauki

- Hvað er sjónauki?
- Til hvers er sjónauki?
- Er sjónauki það sama og kíkir?
- Geta allir notað sjónauka?
- Hvað sjáum við í sjónauka?
- Eru allir sjónaukar eins?
- Getur maður séð allt í sjónauka?
- Er hægt að sjá í sjónauka í myrkri?
- Getur maður séð allt út í geimnum í sjónauka?

Bls. 14

Naustið

- Hvað er naust?
- Hvað er í nausti?
- Til hvers er naust?
- Hvar er naust?
- Úr hverju er naust?
- Er naust sama og bryggja?
- Er hægt að ganga á nausti?

Verkefni:

Fara í vettvangsferð að smábátahöfn og skoða bátana og umhverfi þess.

•

Brosti í kampinn

- Hvað er að brosa í kampinn?
- Hvernig lítur sá út sem brosir í kampinn?
- Er að brosa það sama og að brosa í kampinn?
- Geta allir brosað?
- Brosa allir eins?
- Geta dýr brosað?
- Til hvers brosir maður?
- Hvenær brosir maður?
- Má alltaf brosa?
- Má brosa ef einhver meiðir sig?
- Er hægt að brosa með öðru en andlitinu?
- Er hægt að brosa inn í sér?
- Er gott eða vont að brosa?

Loftsiglingar

- Hvað eru loftsiglingar?
- Er hægt að sigla á bát í geimnum? (sbr. sagan)
- Er hægt að sigla á bát þó það sé ekkert haf?
- Eru loftsiglingar það sama og sjósiglingar?
- Þarf að nota árar í loftsiglingum?
- Er hægt að sigla í loftinu á einhverju öðru en bát?
- Getur maður orðið sjóveikur í loftinu?

Bls. 15

Stjörnuverur

- Hvað eru stjörnuverur?
- Hvernig eru stjörnuverur?
- Eru stjörnuverur það sama og geimverur?
- Hvar búa stjörnuverur? Í hverju?
- Eiga stjörnuverur börn?
- Geta stjörnuverur búið á jörðinni/Íslandi?
- Hvað mál tala stjörnuverur?
- Getum við skilið stjörnuverur?
- Hvað gera stjörnuverur?
- Geta stjörnuverur ferðast? Hvernig?

Að fá botn í málið

- Hvað átti Friðmundur við þegar hann sagði: „Nú verðum við að fá botn í þetta mál.“

Bls. 18

Hættuför

- Hvað er hættuför?
- Hvernig er hættuför?
- Er hættuför öðruvísi en aðrar ferðir?

- Hvað er gert í hættuför?
- Þurfum við að fara út í geiminn?
- Er hættulegt að fara út í geiminn? (sbr. bókin) Af hverju?
- Þurfum við að fara út í geiminn? Af hverju?

Verkefni

Er hættulegt að:	Já	Nei	Af hverju?
Vera í bíl?			
Fara yfir götu?			
Leika sér á bryggjunni?			
Hjóla?			
Að borða?			
Fara á hestbak?			
Vera í leikskóla?			
Vera í tölvu?			

Ringulreið

- Hvað er ringulreið?
- Hvernig er ringulreið?
- Er ringulreið sama og óregla?
- Getum við séð ringulreið?
- Er hættulegt ef það ríkir ringulreið?
- Hvað er hægt að gera ef það er ringulreið?
- Geta stjórnur verið á ringulreið? (Sbr. bókin)
- Getur allt verið á ringulreið?

Rýna

- Hvað er að rýna í eitthvað?
- Til hvers rýnir einhver í eitthvað?
- Hvernig er að rýna út í myrkrið? (Sbr. bókin)
- Hvernig er sá sem rýnir út í myrkrið?

Halastjarna

- Hvað er halastjarna?
- Hvernig er halastjarna?
- Er halastjarna eins og aðrar stjórnur?
- Úr hverju er halastjarna?
- Er halastjarna með hala?
- Til hvers er halinn á halastjörnunni?

- Er hægt að hanga í halanum á halastjörnu? (Sbr. sagan)
- Getum við séð halann á halastjörnunni?
- Býr einhver á halastjörnu?
- Eru til margar halastjörnur? Bls. 22

Nálgast óðfluga

- Hvað er óðfluga?
- Hvað þýðir það þegar eitthvað nálgast óðfluga? (Sbr. sagan)
- Er hratt og að nálgast óðfluga það sama?
- Er óðfluga sama og venjuleg fluga?

Þveröfug átt

- Hvað þýðir orðið þveröfugur?
- Hvað er að fara í þveröfuga átt?
- Get ég verið þveröfug/ur?
- Hvers vegna að fara í þveröfuga átt?
- Er það sama að vera öfugur og þveröfugur?
- Getur peysa verið þveröfug?
- Geta bílar ekið í þveröfuga átt?

Buskanum

- Hvað er buski?
- Hvernig lítur buski út?
- Hvar er buski?
- Hvað er að vera langt út í buskanum?
- (Sbr. sagan)
- Hvernig fer einhver út í buskann?
- Geta allir lent út í buskanum?
- (Sbr. sagan)
- Hvað gerir sá sem er úti í buskanum?
- Kemst maður út úr buskanum?
- Ætli sé vont/gott að vera úti í buskanum?

Bls. 23

Ósýnilegur kraftur

- Hvað er kraftur?
- Til hvers er kraftur?
- Er til margskonar kraftur?
- Getur kraftur verið ósýnilegur? (Sbr. sagan)
- Getur einhver búið til kraft?
- Úr hverju er kraftur?
- Er kraftur það sama og vera sterkur?
- Er kraftur og afl það sama?
- Hvernig er kraftur á litinn?

Verkefni

Gera tilraunir og ræða um kraft. Fjalla t.d. um togkraft, segulkraft og aðdráttarafl jarðar (af hverju tollum við á jörðinni en dettum ekki út í geiminn).

Búa til bát úr pappír og setja eitthvað lítið úr stáli í bátinn. Báturinn er settur í sulluker og börnin eru með segul og geta stýrt því hvert báturinn fer.

Setja skrófu á borð. Vera með segul framan við hana og draga skrófuna áfram eftir borðinu.

Svarthol

- Hvað er svarthol?
- Hvar er svarthol?
- Hvernig er svartholið í geimnum? (Sbr. sagan)
- Er til svarthol annars staðar en í geimnum t.d. Íslandi?
- Er svarthol svart? Ef ekki hvernig þá?
- Býr einhver í svartholi? Hver?
- Hvernig kemst maður í svartholið?
- Vill einhver fara í svartholið? Hverjir?
- Geta börn farið í svartholið?
- Hvað er í svartholinu?
- Hvað gerist í svartholinu?
- Ef einhver lendir í svartholinu kemst hann þá út úr því? Hvernig?
- Getur maður ráðið því hvort maður fer í svartholið eða ekki?

Myrkur

- Hvað er myrkur?
- Úr hverju er myrkrið?
- Hvar er myrkur?
- Hvernig kemur myrkrið?
- Til hvers er myrkur?
- Hver býr til myrkrið?
- Getum við notað myrkrið?
- Getur verið myrkur á daginn? Hvar?
- Er hægt að búa til myrkur?
- Getur myrkrið verið bjart? Hvernig?
- Getur verið myrkur í tónlist?
- Getur verið myrkur inni í fólki?
- Er myrkrið óhugnalegt? Af hverju? (sbr. sagan).

Verkefni:

Börnin skapi aðstæður þar sem er myrkur og notist við hugmyndir sínar í heimspekiumræðu hér að ofan.

Börnin velti fyrir sér svartholi og hvernig hægt er að búa það til.

Lesnar sögur um tilurð svartholsins. Sbr. Himinninn og fjarlægjar stjörnur bls. 40-41.

Varpa öndinni léttar

- Hvað er að varpa öndinni léttar? (Sbr. sagan).
- Hvernig varpar maður öndinni léttar?
- Af hverju varpar einhver öndinni léttar?

Áhyggjur

- Hvað eru áhyggjur?
- Hvernig líta áhyggjur út?
- Af hverju hefur einhver áhyggjur?
- Hvernig líður þeim sem hafa áhyggjur?
- Geta allir haft áhyggjur?
- Er hægt að sjá áhyggjur? Hvernig?
- Hvernig eru áhyggjur á litinn?
- Er gott eða vont að hafa áhyggjur?
- Geta áhyggjur horfið? Hvernig?
- Geta dýr haft áhyggjur (hundar)?
- Geta stjórnur haft áhyggjur? (Sbr. sagan).
- Geta steinar haft áhyggjur? Hvernig?
- Geta börn haft áhyggjur? Hvernig?
- Er hægt að búa til áhyggjur? Hvernig? Úr hverju eru þær?

Hryggðarsvipur/Feginssvipur

- Hvernig er hryggðarsvipur?
- Er hryggðarsvipur öðruvísi en feginssvipur? Hvernig?
- Hvernig lítur sá út sem er með hryggðarsvip / feginssvip?
- Hvernig líður þeim sem er með feginssvip / hryggðarsvip?
- Geta stjórnur verið með feginssvip / hryggðarsvip?
- Getur fólk verið með feginssvip / hryggðarsvip?
- Getur hryggðarsvipur breyst í feginssvip? (Sbr. sagan).

Lurkum laminn

- Hvernig líður þeim sem er lurkum laminn?
- Er það það sama að vera lurkum laminn og að vera þreyttur?
- Hvernig er maður lurkum laminn?
- Verður maður lurkum laminn ef einhver lemur mann?
- Hvað er hægt að gera ef einhver er lurkum laminn?

Minjagripir

- Hvað eru minjagripir?
- Hvernig eru minjagripir?
- Hverjir eiga minjagrip?
- Eigið þið minjagrip?
- Til hvers er minjagripur?
- Hvenær verður eitthvað minjagripur?

- Getur stjarna verið minjagripur? (Sbr. sagan).
- Hvernig verða minjagripir til?
- Eru til minjagripir í leikskóla?
- Getur bolti verið minjagripur?
- Er hægt að búa til minjagrip?

Verkefni:

Börnin búi til einhvern hlut og gefi hvort öðru sem minjagrip.

Fara á minjasafn og skoða hluti sem eru til minja um tímabil eða atburð sem liðinn er.

Bls. 32

Morgunroði

- Hvað er roði?
- Hvernig er morgunroði?
- Hvaðan kemur morgunroði?
- Hvað gerir morgunroði?
- Hvar er morgunroði?
- Hvenær kemur morgunroði?
- Getur morgunroði komið á kvöldin?
- Hvernig er morgunroði á litinn?

Feginleiki/Feginn

- Hvað er feginleiki? Hvað er að vera feginn?
- Hvenær er maður feginn?
- Af hverju að vera feginn?
- Hvernig líður þeim sem er feginn?
- Er það það sama að vera feginn og vera ánægður?
- Af hverju var máninn feginn? (Sbr. sagan).

Verkefni í lokin

Setjast niður með hópnum og semja sögu út frá hugmyndum sínum í gegnum þær samræður sem hafa átt sér stað í heimspekinni.

Einnig væri gaman að börnin settu upp leikrit í tengslum við söguna sína.

Það væri líka hægt að skoða myndirnar í bókinni og lesa söguna í heild og búa til leikrit út frá sögunni.

Til að auka sköpunargleði barnanna í tengslum við söguna er hægt að búa til myndasögu. Börnin ræða um hvaða atvik sögunnar þau vilja teikna, skipta með sér verkefnum, hver teiknar hvað. Síðan hengja börnin myndirnar upp í ákveðna röð og tengja þær saman í þann söguþráð sem þau vilja.